

Um leið og vör tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, mælumst vör til, að þér, herra landshöfðingi, hlutist til um, að tæður styrkur verði borgaður úr jarðabókarsjóðnum, þegar stiptysfirvöldin gjöra tilkall til hans.

1873.
27. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um upphafsorðin á veitingarbréfum presta.

28. júní.

Í bréfi 16. apríl þ. á. til dómsmálastjórnarinnar hafði þér, herra landshöfðingi, lagt til, að upphafsorðunum á veitingarbréfum presta, sem ákveðin eru með konungsráðgjafi 14. maí 1850 og sem eru: „Stiptamtmaðurinn og biskupinn yfir Íslandi gjöra kunnugt“, verði breytt eptir því fyrirkomulagi, sem komið er á með konungsráðgjafi 29. júní f. á.¹⁾, ef eigi fyndist ástæða til að gjöra amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu að stiptamtmanni. Dómsmálastjórnin hefir nú sent kirkju og kennslustjórninni málið til úrskurðar um þetta atriði, eptir að bæði stjórnarráðin höfðu skrifazt á um það áundan, og eigi hafði þókt ástæða til að skipa stiptamtmann; mælumst vör nú til að þér, herra landshöfðingi, hlutist til um, að upphafið á fyrnefndum veitingarbréfum eptirleiðis verði haft á þessa leið: „Stiptysfirvöldin yfir Íslandi gjöra kunnugt“.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fê það, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland.

30. júní.

Í bréfi, dagsettu 18. apríl. þ. á., hafði þér, herra lands-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 458.

1873.

30. júní.

höfðingi, látið uppi álit yðar um það, sem gjört er ráð fyrir í 17. gr. í erindisbræfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., að skipta því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma, milli hlutaðeigandi stjórnarráða öðrum megin og landshöfðingjans hinum megin. Eptir að skrifazt hefir verið á við kirkju- og kennslustjórnina um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hërmeð felur yður á hendur frá næsta reikningsári og svo fyrst um sinn umráðin yfir helmingnum af fyrnefndu fè, þannig að útgjöld þau, sem hingað til hafa verið greidd af þessari upphæð, og sem eptir eðli sínu verða greidd á Íslandi, verði tekin af því, sem þér hafið til umráða t. a. m. styrktarfè bæði til bókmentalegra og verklegra þarfa (hërmeð talið hið venjulega tillag til hins íslenzka bifliufélags, til kennslu ómála barna á Íslandi og fl.), — en þegar það kemur til tals, að veita slíkan styrk, verður sèr í lagi að taka tillit til þess, hvort ætla megi, að hann efli almenna mentun í landinu, og styði að framförum í handiðnum og búnaði og því um líku —, tillag til þess að afstýra neyð, þegar sèrstaklega stendur á, og það verður álitíð, að landssjóðurinn eigi hlut að máli — útgjöld við embættisferðir landshöfðingjans, biskupsins og amtmanna á Íslandi, sem eigi verða talin með eiginlegum ferðakostnaði, — en að því leyti, er amtmennina snertir, má samt eigi fara útyfir það, sem ákveðið er í konungsúrskurði 16. maí 1829¹. Að öðru leyti er hlutaðeigandi stjórnarráðum áskilinn réttur til í einstöku tilfellum að koma sèr saman við yður, herra landshöfðingi, um, að verja megi fè af þeim helmingi af fyrnefndri upphæð, sem yður eru fengin umráð yfir, til þeirra útgjalda fyrir Ísland, sem falla til annarstaðar en í landinu sjálfu, og á hinn bóginn er það vitaskuld, að taka má til þess hluta, sem áskilinn er stjórnarráðunum, í einstöku tilfellum, ef málavextir eru til þess og nóg fè er fyrir höndum, þegar kemur til útgjalda á Íslandi sjálfu.

¹) Lovsamling for Ísland, IX., 406.

Að endingu mælumst vèr til, að þer, herra landshöfðingi, birtið þetta almenningi á Íslandi á þann hátt, sem best þykir henta.

1873.
30. júní.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um undirskriptir stiptsyfirvaldanna.

30. júní.

Í bræfi, dagsettu 18. apríl. þ. á., hafið, þer, herra landshöfðingi skýrt frá, útaf fyrirspurn frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og biskupinum, sem nú eru stiptsyfirvöld yfir Íslandi: hvor þeirra skuli skrifa yfir undir bréf þau, sem þeir útgefa í sameiningu sem stiptsyfirvöld, að þer hafið til bráðabirgða gefið þann úrskurð, að það stiptsyfirvaldið, sem er veraldlegur embættismaður, skuli eins og hingað til skrifa yfir undir; hafið þer jafnframt stungið uppá, að amtmáður Bergur Thorberg fái stiptamtmannsnafnbót, jafnframt því að hann sè amtmáður yfir suður- og vesturumdæminu, og ef stjórnarráðinu kynni að þykja það ísjárvert, hafið þer til vara lagt til, að fallizt verði á úrskurð þann, sem þer hafið gefið til bráðabirgða um þetta mál.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við kirkju- og kennslustjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þer birtið það, að stjórnarráðinu hefir eigi fundizt það rétt, að koma því til leiðar, að skipaður verði stiptamtmaður, með því landshöfðinginn að álitu stjórnarráðsins verði einnig í tign að standa yfir öllum öðrum íslenskum embættismönnum, en úrskurð þann, sem þer hafið lagt á málið til bráðabirgða, fellst stjórnarráðið á, þar sem fyrirkomulagið er svo í öðrum pörtum ríkisins, og skal því hinn veraldlegi embættismaður, sem er stiptsyfirvald, einnig eptirleiðis skrifa fyrst undir embættisbréf o. s. frv., sem út ganga frá stiptsyfirvöldunum.